

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17/3 2021
Málsnr:	203479
Bréfal:	300

Reykjavík 16. mars 2021

Hjálparstarf kirkjunnar hefur opnað *Skjólið* – opið hús fyrir konur sem eru heimilislausar, eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi eða búa við óöruggar aðstæður. *Skjólið* er opið frá kl. 11:00 – 15:00 alla virka daga og er staðsett í Grensáskirkju. Þörf fyrir úrræði eins og *Skjólið* hefur aukist mikið á síðustu árum en sifellt fleiri konur hafa að engu að hverfa að morgni dags. Neyðarnæturathvarfið Konukot lokar kl. 10:00 og er markmið *Skjólsins* að brúa bilið á daginn þangað til Konukot opnar aftur kl. 17:00. Konur sem eru nýkomnar í búsetuúrræði missa oft tengsl og að hafa *Skjólið* til að heimsækja getur dregið úr einmanaleika þeirra en einnig er *Skjólinu* ætlað að vera öruggur staður fyrir þær konur sem búa við óöruggar aðstæður til að safna kröftum.

Vegna skorts á úrræði eins og þessu hefur þjóðkirkjan stigið það skref að útvega húsnæði og falið Hjálparstarfi kirkjunnar að sjá um rekstur *Skjólsins*. Rekstur hefur verið tryggður í eitt ár með framlagi þjóðkirkjunnar en æskilegt er að fleiri aðilar komi að rekstrinum. *Skjólið* þjónar konum af öllu höfuðborgarsvæðinu.

Rósá Björg Brynjarsdóttir er umsjónarkona *Skjólsins* en aðrar starfskonur eru Fjóla Halldórsdóttir, Una Sigrún Ástvaldsdóttir og Magnea Sverrisdóttir en þær sinna allar daglegum störfum á dagsetrinu. Rósá, Fjóla og Una búa yfir mikilvægri starfsreynslu úr Konukoti og neyðarskýlinu Skipholti. Einig er fyrirhugað að bjóða upp á fræðslu og stuðning sem einstaklingar í sjálfboðavinnu munu sinna.

Húsnæði *Skjólsins* býður upp á marga möguleika til að hlúa að konunum með þessi markmið í huga. Boðið er upp á léttan, næringarríkan hádegismat fyrir skjólstæðinga dagsetursins. Þá geta þær nýtt sér hreinlætisaðstöðu, geta þvegið af sér og farið í sturtu. Í *Skjólinu* er hvert herbergi skipulagt með þarfir kennanna í huga en haft var samráð við konur sem búið hafa við heimilisleysi eða óöruggar aðstæður. Um er að ræða hvíldarherbergi, tómstundaherbergi þar sem boðið er upp á ýmislegt til listsköpunar og opið rými með nettengdum tölvum til að auðvelda þeim aðgengi í rafrænum heimi.

Í *Skjólinu* er einnig viðtalsherbergi til ráðgjafar. Viðtalsherbergið nýtist einnig þegar Vettvangs- og ráðgjafateymi (VoR-teymi) Reykjavíkurborgar og félagsráðgjafar þjónustumíðstöðva Reykjavíkurborgar eru með fasta viðveru í *Skjólinu*. Aðrir fagaðilar eins og Frú Ragnheiður og fagfólk á heilbrigðissviði nýtir einnig viðtalsherbergið ef þarf.

Áfram verður starfsemi *Skjólsins* þróuð og mótuð í samráði við þær konur sem sækja það. Kominn er ákveðinn grunnur til að geta starfað en þarfir kennanna hafa áhrif á hvað boðið verður upp á. Starfsemi dagsetursins hófst 25. febrúar 2021. *Skjólið* hefur verið kynnt fyrir konunum á þeim stað sem þær eru staddir, hvort sem þær eru í tímabundnu úrræði, nýju búsetuúrræði eða Konukoti. Erfiðast er að ná til kvenna í óöruggum aðstæðum og njótum við tengsla Frú Ragnheiðar að koma upplýsingum til þeirra kvenna með tímanum.

Markmiðið er að konurnar upplifi stöðugleika og öryggi í *Skjólinu* og munu starfskonur leitast við að byggja upp jákvæð tengsl.

Hjálparstarf kirkjunnar – Skjólið - Opið hús fyrir konur

Fjárhagsáætlun vegna 2021 uppfærð 4.2.2021.

Laun og launatengd laun

Verkefnastýra í 100% stöðu, tveir starfsmenn í 50% stöðu og einn starfsmaður í 40% stöðu, samtals laun og launatengd gjöld árið 2021: 29.112.756 kr.

Launakostnaður vegna afleysinga: 1.140.000 kr.

Samtals laun og launatengd gjöld árið 2021: 30.252.756 kr.

Húsnæði

Leiga 10.080.000 kr. á ári

Þátttaka í rekstarkostnaði 500.000 kr. á ári

Húsaleiga og hlutdeild í rekstrarkostnaði á ári 10.580.000 kr.

Annar kostnaður

þrif 250.000 á mánuði samtals á ári 3.000.000 kr.

Kaffistofa+matur 115.000 á mánuði samtals á ári 1.380.000 kr.

Ýmiss kostnaður 130.500 á mánuði samtals á ári 1.566.000 kr.

Annar kostnaður samtals á ári 5.946.000 kr.

Samtals á ári 46.778.756 kr. + 3% umsjónarkostnaður 1.403.362 kr. samtals 48.182.118 kr.